

## **Fundargerð.**

### ***Stjórnarfundur nr. 117.***

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík þriðjudaginn 24. september kl. 15.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Pétur Arason og Snorri Finnlaugsson. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Atli Gunnar Arnórsson sat fundinn undir lið 2. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð. Snorri sat fundinn í fjarfundi.

Áður en formlegur fundur hófst, skoðaði stjórn stækkað urðunarhólf en framkvæmdum er um það bil að ljúka.

#### **Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Stækkun urðunarhólfs – lok framkvæmda, uppgjör
3. Fjárhagsleg staða
4. Gjaldskrá 2025
5. Fjárfesting í vélum og búnaði
6. Staða starfsleyfis
7. Staða og horfur
  - a. Úrgangsmagn
  - b. Ábending frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra
8. Olíusmitaður jarðvegur – staða.
9. Önnur mál

#### **Fundargerð:**

##### **1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 116**

Fundargerð stjórnarfundar nr. 116, undirrituð og samþykkt formlega.

##### **2. Stækkun urðunarhólfs – lok framkvæmda, uppgjör**

Atli Gunnar Arnórsson eftirlitsmaður með verkinu fór yfir framkvæmdir sem hafa að mestu leyti gengið vel fyrir utan seinkun, en verklok eru u.þ.b. ári seinna en áætlað var í upphafi. Er seinkunin fyrst og fremst vegna þess að verkið tók allmiklum breytingum á verktímanum en auk þess setti veðurfar strik í reikninginn.

Greftri urðunarhólfs lauk að mestu um miðjan nóvember 2023, nokkru seinna en verkáætlun gerði ráð fyrir. Eftir að framkvæmdir hófust kom í ljós að jarðfræði svæðisins var önnur en útboðsáætlun gerði ráð fyrir. Ekki var komið niður á fastan leir eftir því sem neðar kom í gryfjunni, aðeins misþykk leirlög og sand á milli. Mun meira var því grafið af lausu efni upp úr gryfjunni en föstum leir, öfugt við það sem gert var ráð fyrir í útboðsgögnum. Auk þess sem jarðvatn kom inn í gryfjuna á mörgum stöðum neðan við miðja fláa, á milli þessara leirlaga.

Vegna þessara breyttu jarðfræðiaðstæðna endurhönnuðu sérfræðingar hjá Eflu þéttingar á hólfinu, og var því lokafrágangi verksins frestað til vors/sumars 2024. Endurhönnun fól m.a. í sér að allar hliðar voru klæddar með leirdúk, og 2 m inn á botn. Áður var aðeins gert ráð fyrir að efri hluti hliða væri klæddur. Í umræðum á fundinum kom fram að jarðfræðingur frá Eflu verkfræðistofu kom og gerði sérstaka athugun á leir í botni hólfsins til að leggja mat á hvort þyrfti að þekja hann með leirdúk undir sigvatnskerfi. Jarðfræðilegt mat leiddi í ljós að leir í botni stæðist þéttnipróf og ekki væri þörf á að þétta botn hólfsins með leirdúk. Framkvæmdir vorið 2024 hófust ekki fyrr 18. júní, vegna mikillar bleytutíðar og kulda, frost í jörðu var óvenju mikið og lengi fram á vorið. Verkinu er að mestu lokið, eftir er að setja niður einn brunn fyrir sigvatnskerfi og verktaki gerir ráð fyrir að lokafrágangi ljúki á næstu 1-2 vikum. Allur frágangur á losunarsvæðum er unnin í góðu samráði við landeigendur á Sölvabakka.

Í kostnaðaráætlun sem Atli Gunnar tók saman kemur fram að heildarkostnaður frá upphafi sé kominn í samtals 431.750.791 kr þann 31.08.2024. Líklegt þykir að heildarverkstaða endi í ríflega 450 mkr. eða um 140% af samningsupphæð sem var 325 mkr. Upphafleg kostnaðaráætlun verkkaupa gerði ráð fyrir 650 mkr. og endanlegur framkvæmdakostnaður því um 70% af því viðmiði. Aukningin felst að mestu leyti í þremur liðum: a) magnaukningu í greftri, b) aukningu á klæðningu hliða urðunarhólfsins með leirdúk og c) viðbótarverk vegna lagnavinnu undir leirdúk.

Samhljómur var á meðal fundarmanna að framkvæmdin hafi tekist afar vel fyrir utan áður nefndar seinkanir.

### **3. Fjárhagsleg staða**

Magnús fór yfir fjárhagsyfirlit fyrstu 8 mánuði ársins auk þess sem farið var yfir grófa áætlun um sjóðsflæði Norðurár frá september til desember 2024. Reksturinn er á áætlun miðað við fjárhagsáætlun ársins 2024.

### **4. Gjaldskrá 2025**

Farið yfir gildandi gjaldskrá Norðurár bs. en hún hafði verið óbreytt frá 1. janúar 2020 og allt þar til ákvörðun var tekin á síðasta aðalfundi um hóflega 3,5% hækkun sem tók gildi 1. júní sl.

Jafnframt var ákveðið á síðasta aðalfundi að stjórn Norðurár endurskoðaði gjaldskrá félagsins eigi síðar en 15. október ár hvert, með gildistöku frá 1. janúar næstkomandi árs.

Stjórn ákvað að fara betur yfir og gera breytingar á fyrirbyggjandi tillögu að beinni vísitöluhækkun og samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar sem fyrirhugaður er föstudaginn 5. október.

### **5 Fjárfesting í vélum og búnaði**

Tekið var fyrir verðtilboð í Komatsu WA380-8 hjólaskóflu frá Kraftvélum ehf. Innifalið í verði vélar er KOMATSUCARE viðhalds- og þjónustuáætlun í þrjú ár eða að 2000 vst.

Stjórn fór yfir tilboðið og samþykkir með öllum greiddum atkvæðum að fela Elvari að ganga frá pöntun í umrædda hjólaskóflu frá Kraftvélum ehf.

Elvari einnig veitt heimild til þess að fjárfesta í klemmubúnaði á gröfu.

## 6 Staða starfsleyfis

Magnús fór yfir stöðuna varðandi endurnýjun starfsleyfis Norðurár og eru væntingar um að umsókn komi tilbaka úr yfirlestri hjá UST innan fárra vikna. Samkvæmt upplýsingum frá UST eru vonir um að málið klárast á þessu ári (2024). Núverandi starfsleyfi gildir til 26.11.2026.

## 7 Staða og horfur

### a. Úrgangsmagn

Elvar Bjarki fór yfir stöðu og horfur í rekstri. Vel hefur gengið að urða sorp þrátt fyrir erfitt sumar, en nokkra daga þurfti að loka hluta úr degi vegna veðurs. Urðað magn það sem af er ári (1. jan – 17. sept) er 14.793.781 kg sem gerir 12% minnkun frá árinu á undan. Visbendingar eru um að magn til urðunar minnki hægt og rólega. Magn í flestum urðunarflokkum lækkar en svo er aðeins misjafnt eftir upptökusvæðum hvernig skiptingin er á milli flokka. Ánægjuleg þróun er í urðun á blönduðum úrgangi frá heimilum, en sá flokkur heldur áfram að dragast saman.

Ýmsum verkefnum hefur verið sinnt frá síðasta stjórnarfundum, meðal annars:

- Vinna að málum varðandi sandfang og mengaðan jarðveg.
- Vinna að og fylgja eftir verkefnum varðandi stækkun á urðunarlólfum.
- Skoða möguleika varðandi endurnýjun á vélakosti og leita að tilboðum.
- Fylgja eftir ábendingum sem hafa borist varðandi aðkomu að sláturúrgangshólfum sem hefur vaðist upp í bleytutíð.
- Fylgja eftir upprunaskráningum á sorpi.
- Vinna samantektir og beiðnir um magntölur sem hafa borist.
- Meindýravarnir.

Framundan er að:

- Halda áfram vinnu varðandi endurnýjun á vélakosti,

- Hefja vinnu varðandi gasöflun úr hólfi 2,
- Klára frágang eftir framkvæmdir við urðunarhólf, setja upp ljósastaura og stikur.

Stjórn Norðurár þakkar Elvari fyrir góða samantekt og starfsmönnum fyrir framfylgd hinna ýmsu verkefna. Ljóst er að af mörgu er að taka og er mikilvægt að stjórn og aðildarsveitarfélög aðstoði starfsfólk Norðurár þar nauðsyn krefur. Sérstaklega alvarlegt er að upprunaskráningar á sorpi eru ekki að skila sér og viðleitni til úrbóta er verulega ábótavant hjá sorphirðufyrirtækjum. Hér þurfa allir að leggjast á eitt til þess að koma þessu í betri farveg. Stjórn og starfsmenn vísa til starfsreglna við móttök sorps sem er að finna á heimasíðu Norðurár bs. [www.stekkjjarvik.is](http://www.stekkjjarvik.is).

#### **b. Ábending frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra**

Þann 12. september síðastliðinn barst til Norðurár ábending frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Tílefnið var að Heilbrigðiseftirlitinu hafði borist kvörtun frá Íslenska Gámafélaginu þess efnis að aðstaðan til losunar á gori væri mjög slæm vegna drullu og að bílar, gámar og mannskapur yrðu haugskítugir við losun í svokallaða gorgryfju. Óskaði Íslenska gámafélagið eftir aðstoð frá HNV, við að fá Norðurá bs. til þess að koma upp þvottaaðstöðu svo hægt væri að þrifa bíla og búnað á urðunarsvæðinu.

Ábendingin var lögð fram til kynningar og umræðu á fundinum. Fram kom að þetta er almennt ekki stórt vandamál en þó geti skapast aðstæður þar sem aðstaða til losunar verður tímabundið slæm þegar blautt er í veðri og mikil umferð hamlar því að hægt er að minnka drullu á svæðinu. Rætt var um hvort ástæða væri til að bæta þvottaaðstöðu við þjónustuhlutverk í Stekkjarvík og komst stjórn að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til þess að svo komnu máli.

## **8 Olíusmitaður jarðvegur – staða**

Enn er ekki komið á hreint hvort hægt sé að taka á móti eða hvernig eigi að ráðstafa olíusmituðum úrgangi yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Magnús stjórnarformaður og Elvar vinna áfram að því að leita farsælla lausna í samstafi við UST og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

Í bréfi UST til Stekkjarvíkur dags. 8. júlí sl. kemur fram að notast megi við norsk viðmið til þess að ákvarða hvort jarðvegur teljist spilliefni eða ekki. Í fyrrgreindum viðmiðum segir að jarðvegur teljist spilliefni ef hann inniheldur meira olíumagn en 20.000 mg/kg. Reynist spilliefni undir viðmiðunarmörkum er Norðurá heimilt að taka við því.

## **9 Önnur mál**

Elvar Bjarki sagði frá áhugaverðum haustfundi FUMÍS sem er fagfélag um mengun á Íslandi. Titill fundarins var „hvað verður um mengaðan jarðveg?“ en streymt var frá fundinum þriðjudaginn 17. september sl.

Engin önnur mál rædd og fundi slitið klukkan 17.17.

Magnús B. Jónsson

Sveinn F. Úlfarsson

Hrefna Jóhannesdóttir

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason